

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Tónleikar
- Kvenfélagið
- Hrunaprestakall

Næsti Pési kemur út .11.des 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 8. des.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Aðventuhátíð	5
Taxi	6
Námskeið	8
Bf.Eyvindur	10
Smári	16
Jólastemning	20

Pési



Nóv 2014

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

24. árgangur. 287 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Frá Bókasafni Hrunamanna

Nú eru jólabækurnar farnar að streyma á bókasafnið. Því er um að gera að kíkja við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum. Lánstími á nýjum bókum er 2 vikur. Eins og undanfarin ár þá verður ekki hægt að panta bækur sem merktar eru skammtímaláni. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim. Lánstími eldri bóka og tímarita er 4 vikur.

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínur síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Og svo er **alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Verið velkomin á bókasafnið ☺

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sveitarstjórapistill

Nóvember er runninn upp með sínum skammdegiseinkennum. Það er nú varla hægt að segja að það sé kominn eiginlegur vetur enda var víst síðasti sláttur hjá einhverjum núna um mánaðarmótin, ótrúlegt en satt.

Núna er í raun annasamasti tími stjórnsýslunnar en verið er að púsla saman fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og samhliða er unnin fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018. Sú vinna hefur gengið vel og kann ég starfsfólki skrifstofunnar, forstöðumönnum stofnanna og nefndum þakkir fyrir góða vinnu. Það var tekið upp nýmæli við vinnu fjárhagsáætlunarinnar að fundað var með öllum nefndum Hrunamannahrepps til að fara yfir tillögurnar sem að mínu mati er mjög til bóta. Það hefur tíðkast að fundað væri með þeim nefndum sem væru með stærstu málaflökkana undir en ekki öllum. Þetta nýja fyrirkomulag er bæði lýðræðislegra og gefur nefndarfólki betri sýn á verkefni sín og það fjármagn sem ætlað er í málaflökkana auk þess sem góðar hugmyndir skapast alltaf þegar fólk hittist og spjallar um málin og reyndar vandamálin líka.

Búið er að leggja áætlunina fram til fyrstu umræðu í sveitarstjórn og nú tekur við smá vinna við að finnstilla fjárhagsáætlunina sem lögð er fram til seinni umræðu í byrjun desember. Sem betur fer er mikil samstaða í sveitarstjórn um þessa vinnu sem skiptir gríðarlegu máli og gerir allt miklu auðveldara og skemmtilegra.

Það þyngir frekar að við reksturinn og þó fjárhagsstaðan sé þökkaleg eru margar brekkur í gangi. Skatttekjur eru vissulega að aukast en á móti minnkar framlag frá Jöfnunarsjóði verulega. Það er gleðilegt ef tekjur íbúa eru að aukast en á móti kemur að það er áhyggjuefni hvað Jöfnunarsjóður gefur mikið eftir. Eitthvað spilar inn í að íbúum fjölgar lítið sem ekkert en verra er að fækkun barna í skólum fer að hafa töluverð áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði. Þá er ljóst að djúpstæður vandi annarra sveitarfélaga spilar inn í þetta líka og eru t.d. framlög til Suðurnesja orðin ansi drjúgur hluti framlaga Jöfnunarsjóðs. Reynt er almennt að halda gjaldskrárhækkunum í hófi en ljóst er að erfitt er að hafa allt ókeypis eins og sumir auglýsa. Staðreyndin er sú t.d. að vegna áhrifa kjarasamninga hækkar launakostnaður sveitarfélagsins um ca. 60 milljónir milli ára. Það er auðvitað gott að geta borgað góðu fólki betri laun og auðvitað leiðir þetta til þess að skatttekjur sveitarfélagsins aukast eitthvað og vonandi kaupmáttur fólks í sveitinni. Hins vegar eyðir maður ekki sama peningnum tvisvar þannig að þetta hefur auðvitað áhrif. Við viljum ná því markmiði að sveitarfélagið geti verið í töluverðum viðhaldsverkefnum og minniháttar fjárfestingum án nýrrar lántöku þá verða tekjur að koma á móti en það er á mörkunum að það takist á næsta ári a.m.k. Við áætlum að við þurfum að taka lán til að klára að stækka íþróttahúsið sem í sjálfu sér er eðlilegt en ef ekkert sérstakt jákvætt kemur upp tekjumegin á næsta ári þá þarf einnig lántöku fyrir fráveituframkvæmdum.

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að það er afgangur til að fjármagna ákveðnar fjárfestingar og standa í viðhaldsframkvæmdum og þrátt fyrir lántökur ætti skuldahlutfall sveitarfélagsins að vera um 92% sem er vel viðráðanlegt. Við ætlum að halda áfram með utanhúsviðhald á Flúðaskóla en því miður er loftið í kennsluálmunni orðið ansi feiskið. Þá er nauðsynlegt að mála þök á félagsheimili og eldri hluta íþróttahúss til að koma í veg fyrir skemmdir. Þá á að leggja bundið slitlag á enda Vesturbrúnar og í Högnastíg. Varðandi Högnastíginn verða að fara fram í leiðinni umfangsmiklar framkvæmdir í fráveitu, hitaveitu og vatnsveitu því við múrum ekki niður lélegar lagnir.

Nú hefur verið samþykkt að Skeiða- og Gnúpverjahreppur verði þátttakendur í Tæknisviði Uppsveita og er það ekki skrytið því okkar reynsla er sú að það hafi tekist vel til með Tæknisviðið. Það hefur nýst okkur afar vel í öllum framkvæmdum og mikið mæðir einmitt á því vegna stækkunar íþróttahússins. Annað sameiginlegt verkefni sem við erum stolt af er hvernig tókst til að fylla upp í skarðið þegar Skólaskrifstofa Suðurlands dó drottni sínum um síðustu áramót. Það var vandað til verka í upphafi þegar Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna varð til um síðustu áramót. Það hentar að mörgu leiti vel að flétta saman sérfræðiþjónustu skólanna við velferðarþjónustuna því þessi mál vilja skarast. Þá hefur ekki spillt fyrir að afbragðsfólk hefur valist til starfa fyrir skólaþjónustuhlutann þannig að það hefur alltaf mikið að segja.

Nú er enn eitt samvinnumálið í uppsiglingu í Uppsveitum og það eru þælingar um frekari verkun á seyru þannig að hægt verði að nýta hana enn frekar til uppgræðslu og eftir atvikum til áburðar. Aðferðafræðin væri sú að kalka seyruna með sérstöku tæki til að ná sýrustigi seyrunnar upp til að hún flokkist sem verkuð seyra og þá væri hægt að yfirborðsdreifa henni. Við erum reyndar afar stolt af þeirri aðferð sem við höfum haft til að nýta seyru til landgræðslu með að plægja hana niður en ef vel tekst til með þessa nýju aðferð aukast möguleikarnir á nýtingu hennar.

Að lokum er gaman að sjá hvað ungir, aldnir eða misgamli gera sig gildandi í íþróttum þessa daganna. Þó ég hafi sjálfur misst af bikarleik KR og Hrunamanna í körfuboltanum þá er gaman að sjá og fá slíka leiki í heimahaganna. Einnig vil ég minnst á samstarf Hrunamanna við önnur félög í yngri flokkum körfuboltans sem er til eftirbreytni til að geta haldið úti keppnishæfum flokkum. Samstarf er t.d. við Hamar, Þór Þorlákshöfn og Ármann og að mínu mati græða allir en því miður eru við Hrunamenn ekki að þjást af of miklum barnafjölda þessa daganna. Síðan verður vonandi allt íþróttastarf enn auðveldara og meira spennandi í stærra húsi næsta haust.

Njótum vetursins saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
BREYTTUR OPNUNARTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 28. nóvember 2014**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímabantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi

Aðventuhátíð í Félagsheimilinu sunnudagskvöldið 30. nóvember

Aðventuhátíð á vegum Hruna- og Hrepphólasókna verður haldin í Félagsheimilinu á Flúðum fyrsta sunnudag í adventu 30. nóvember kl. 20:30. Kirkjukórinn syngur adventu- og jólalög ásamt kór eldri borgara. Stjórnandi er Stefán Þorleifsson. Ræðumaður verður Lýður Árnason, læknir. Fermingarbörn sýna helgileik og kveikt verður á adventukransi. Kaffisopi á eftir. Allir velkomnir - gleðilega adventu!



Freyjusjóður

Kvenfélag Hrunamannahrepps óskar eftir umsóknum í Freyjusjóð, frá 15 nóv til 15 desember.

Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is undir menningar og mannlíf.

Þar eru upplýsingar um sjóðinn og umsóknareyðublað. Fyrirspurnir má senda á netfang Kvenfélags Hrunamannahrepps sem er kvhrhr@gmail.com

Hvetjum við ungar konur á aldrinum 16-25 ára til að sækja um og gera vandaðar umsóknir.

Kær kveðja stjórn Freyjusjóðs.



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað hendingar og ræður.

Kæru vinir kaupið það konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgholti fást ennþá í Þverspyrnu á 4000 kr. öll ritin. Tilvalið í jólapakkann. Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin. Guðrún í Þverspyrnu. Sími: 486 6735



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



**Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,**

**Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.**

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Gistiheimilið Flúðum - Kaffi Grund

Í vetur verður opið:

Mánudaga til fimmtudaga: 11:30 - 14:00 og 18:00 - 21:00

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga: 11:30 - 21:00

Sími 565 9196 og 896 1286

gamlagrund@simnet.is www.gistingfludir.is

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 480 5112



Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk
fyrir bændur. Uppl. í 865-7001

Einar Magnússon.



Auglýsing frá hjónaballsnefnd 2015

Við óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum
sælkerum til að sjá um matinn á Hjónaballi
Hrunamanna sem haldið verður í Félagsheimilinu á
Flúðum 7. mars 2015.

Um er að ræða matseld og framsetningu ásamt öllu
öðru sem tilheyrir veislumat fyrir um 300 manns.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband í
gegnum netfangið lkot@simnet.is eða hringja í
Valdísí í síma 8226617 fyrir 15. desember 2014.

Hjónaballsnefndin ☺



Námskeið í Þjóðbúningasaumi

Fyrirhugað er námskeið í þjóðbúningasaumi í uppsveitum Árnassýslu á vorönn. Námskeiðið verður haldið á fjórum helgum frá febrúar til apríl og verður haldið í Reykholti eða Flúðum. Kennt er föstudagskvöld frá kl. 18-21 og laugardag frá kl. 12-17, dagsetningar koma síðar.



Annríki
Þjóðbúningar og skart

Suðungata 75 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 8945733 - 8954849
Vefpóstur: annrika@annrika.is - Veffang: www.annrika.is

Á námskeiðinu er hægt að sauma 19. eða 20. aldar upphlut eða peysuföt, einnig er hægt að lagfæra búninga og sauma sér svuntu eða blússu.

Námskeiðsgjald er kr. 135.000 og má reikna með u.þ.b. kr. 100.000 til 120.000 í efniskaup í nýjan búning, en það fer eftir því hvað er saumað.

Kennari á námskeiðinu verður Hildur Rosenkjær í Annríki en hún hefur mikla reynslu af þjóðbúningasaumi og rekur Annríki þjóðbúningar og skart ásamt manni sínum en það er þjóðbúningaverkstæði.

Kynningarfundur verður haldinn 10. janúar og verður nánar auglýstur síðar. Upplýsingar og pantanir berist til Elínar Jónu netfang: ellajona@ellajona.net eða í sími: 8936423



Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi, frá kl: 12:00-15:00



EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Hrútasýning Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna var haldin þann 18. október í Reiðhöllinni á Flúðum. Mikið af fallegum og efnilegum ræktunargripum kom þar til dóms og kom fjöldi manns til að fylgjast með. Fyrirtækin Sláturfélag Suðurlands, Kemi, Fóðurblandan, Landstólpi, Vélfang og Jötunvélar gáfu vegleg verðlaun í fyrstu þrjú sætin í hverjum flokki og þökkum við þessum fyrirtækjum kærlega fyrir framlagið. Félagið veitti einnig farandbikar fyrir fysta sætið og medaljur fyrir fyrstu 3 sætin. Félagið seldi veitingar sem mæltust vel fyrir og bændur og gestir áttu góðan dag saman. Unnsteinn í Langholtskoti sá um þularstarfið af stakri þrýði og mikilli fagþekkingu. Dómari var Jón Vilmundarson. Hér eru myndir af þeim sem lentu í verðlaunasætum. Fyrirsæturnar áttu stundum erfitt með að standa kjarar á pallinum:) Esther Guðjónsdóttir ritari



illustrations of.com #97135

Veturgamlir hrútar.

1. sætið Þverspyrna, 2. sætið Miðfell, 3. sætið Skipholt



www.RetroPart.co - 2019

Hvítir lambhrútar.

10 1. sætið Þverspyrna, 2. sætið Grafarbakki, 3. sætið Þverspyrna



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Prjóna og kósýkvöld í Félagsheimilinu



Mánudaginn 17. nóvember ætlar Kvenfélagið að vera með prjóna og kósýkvöld í Félagsheimili Hrunamanna, ætlað öllum þeim sem gaman hafa af handverki og góðu spjalli.

Við ætlum að hittast klukkan 20:00. Við verðum með pakkarugl, sem virkar þannig að allir koma með lítinn pakka sem við númerum og svo draga allir númer og fá þá einn pakkann.

Endilega komið með handverk sem þið hafið verið að vinna að til að sýna hinum og einnig ef þið eigið nýjar handverksbækur eða blöð væri líka gaman að fá að glugga í þær.

Kaffi (gos) og meðlæti verður til sölu á kr. 1000.

Leikhúsférféð Kvenfélags Hrunamannahrepps

Fimmtudaginn 11. desember ætlar kvenfélagið að bjóða sínum konum í Borgarleikhúsið. Sýningin sem farið verður að sjá heitir Jesú litli og er sýnd á litla sviði leikhússins. Við leggjum af stað frá Flúðum klukkan 16:45 og ætlum að fá okkur að borða á Kringlukuránni fyrir sýningu. Sýningin hefst svo klukkan 20:00 og að henni lokinn höldum við beint heim.



Tilboð

Josera Supramil kálfamjólkurduft

Þú kaupir 10 poka af Supramil
kálfamjólkurdufti og færð 11. pokann frían.



Verð pr/líter
af kálfamjólk
kr. 39,-
án vsk.*

*Verð miðast við 140 gr í líter af vatni
= 125 gr. Ímjólk og er án vsk

Skammtasprautur



Inngjafasprautur



Stígvél



Reið- og vinnuskór



Sokkar



Hágæða
gæludýrafóður

Josera.

Tilboð

Spónaballi (24 kg)

Kr. 1.400*

án vsk.

*Miðað við eitt Brettí ca. 15 ballar.

SUEVIA

Brynningarskálar - Vatnskör



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Frá Hrunaprestakalli

Fjölskylduguðsþjónustur og aðventusamverur framundan

Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, verða tvær fjölskylduguðsþjónustur í prestakallinu. Sú fyrri í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og hin síðari í Hrepphólakirkju kl. 14. Þar munu barnakórar skólanna syngja undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur. Sunnudagaskólalögin verða rifjuð upp ásamt barnasálmum, biblíusaga sögð og jafnvel er von á óvæntum gestum! Notaleg samvera fyrir alla fjölskylduna. Aðventuguðsþjónusta verður í Ólafsvallakirkju kl. 11 fyrsta sunnudag í adventu, 30.

nóvember. Fjölskyldusamvera þar sem kveikt verður á adventukransi. Um kvöldið kl. 20:30 (ath. ekki kl. 20, eins og áður var auglýst) verður svo adventukvöld í Félagsheimilinu á Flúðum. Þar mun Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna syngja adventu- og jólalög. Fermingarbörn sýna helgileik og Lýður Árnason, nýskipaður héraðslæknir okkar uppsveitamanna, flytur hugvekju. Annan sunnudag í adventu, 7. desember, verður adventuguðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl. 11, hugvekja, söngur og bæn. Um kvöldið kl. 20 verður svo adventukvöld í Félagsheimilinu í Árnesi. Þar munu börn úr Þjórsárskóla sýna helgileik, kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna syngur adventu- og jólalög og sóknarprestur flytur hugvekju.

Allar upplýsingar um kirkjustarfið má nálgast á heimasíðu prestakallsins, hruni.is.

Sjáumst í kirkjunum okkar og eigum saman notalegar samverur.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Félag eldri Hrunamanna OPIÐ HÚS

Opið hús verður **miðvikudaginn 19. október kl. 14:00** í Félagsheimilinu.

Takið daginn frá og hittumst kát og hress.

Með bestu kveðju,
stjórnin



VÖRÐUKÓRINN

Haußtónleikar Vörðukórsins.

Haußtónleikar Vörðukórsins verða föstudagskvöldið 28.nóvember í Árnasi. Efnisskráin er að venju fjölbreytt og verða bæði lög sem sem kórinn hefur flutt áður og nýtt efni á dagskrá. Meðal efnis má nefna atriði úr Töfraflautunni eftir Mozart, lög eftir Emil Thoroddsen, Vorgyðjan kemur eftir Árna Thorsteinsson sem er betur þekkt sem einsöngslag og hefur oft hljómað sem síðasta lag fyrir fréttir, auk dægurlaga eins og Gullvagninn sem Björgvin Halldórsson hefur gert ódauðlegt og Tvær stjórnur eftir Megas sem nýlega var valið besta íslenska ástarlagið í íslenski tónlistarsögu.

Einn álitsgjafi sem tók þátt í þessu vali segir meðal annars. „Tvær stjórnur er einfaldlega einn fallegasti íslenski texti sem hefur verið saminn. Hver einasta setning er svo rík og mögnuð að ég fæ gæsaþú að lesa hann yfir. Þetta er líka ekki bara ástarlag, það tekur á ást, lífinu, söknuði og sorg og einhverskonar uppgjöri og sátt við liðinn tíma og allt í örfáum erindum. Alveg stórkostlegt.“

Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir og undirleikari Jón Bjarnason. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og er miðaverð 2.000.-

Vörðukórinn.



Föstudagar eru pizzudagar!

Kaffi-Sel, golfskálanum verður opið
alla föstudaga í haust frá kl. 17.00 til 20.00

Lokað aðra daga.

**Utan afgreiðslutíma er hægt að panta fyrir
hópa (með amk. 3ja daga fyrirvara), 10
manns eða fleiri í síma 891-7811 / 661-5935
eða á netfangið: pantanir@kaffisel.is**

www.kaffisel.is / Facebook – kaffisel / Sími 486-6454

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Frá Æskulýðsnefnd Smára

Haustferð Smáarakrakka

Hæ hæ,

okkur langar að segja ykkur frá MJÖG skemmtilegri haustferð okkar! 33 kátir krakkar og foreldrar lögðu af stað í rútufurð föstudaginn 7. nóvember.

Fyrsta stoppið var í Vesturkoti hjá Tóta

og Huldu. Hulda átti akkúrat 25 ára afmæli þann dag og að sjálfsgöðu sungum við eitt afmælislag fyrir hana. Þau sýndu okkur hesthúsið og reiðhöllina og sögðu frá ræktunarhestunum sínum. En rúsínan í pylsuendanum var án efa Spuni frá Vesturkoti sem var á húsi og heilsaði upp á

krakkana. Spuni er hæst dæmði kynbótahestur heimsins. Og það er nú ekki smá heiður. En til að bæta rjómann upp á kökuna kom Tóti með Spuna í reiðhöllina og allir krakkar sem vildu fengu að fara á bak honum Spuna! Tóti og Spuni fóru marga hringi í reiðhöllinni. Við viljum þakka þeim öllum kærlega fyrir þann gjörning og væntanlega máttu Tóti og Spuni sleppa ræktinni þann dag!



Þetta var einstök upplifun!

Næst var haldið að Laugarbökkum í Ölfusi, þar sem Janus og Jón, tamingamenn á staðnum tóku brosmildir á móti okkur. Við fengum að sjá flotta hesthúsið og inniaðstöðuna þar og fengum gos og Prins Pólo í huggulegri kaffistofu. Við spurðum Janus að því hver væri besti hesturinn á Laugarbökkum. Janus sagði að þetta væri nú væntanlega stóðhesturinn Barði frá Laugarbökkum, mikill gæðingur og karakter. Kærar þakkir til allra á Laugarbökkum fyrir að taka svo vel á móti okkur!

Eftir notalega dvöl á Laugarbökkum héldum við áfram á Cafe Mika og fengum eins margar ljúffengar pizzur eins og

við gátum í okkur látið. Takk æðislega fyrir hlýjar móttökur þar, Bozena og Mika.

Við þökkum öllum krökkum og foreldrum fyrir skemmtilega samveru í dag og gegnum árið og hlökkum til að takast bráðum á við vetrastarfið. Við viljum skora á alla krakka að vera dugleg að fylgjast með



¹⁶tilkynningum á Facebook síðu Smáarakrakkar! Kær kveðja, Æskulýðsnefnd Smára

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hrunamanna

Var haldin sunnudaginn 9. nóvember í Reiðhöllinni á Flúðum. Dómarinn var Hallgrímur Birkisson í Kirkjubæ. Þokkaleg þátttaka var, 21 folald var skráð til leiks. Úrslit voru sem hér segir:

Hestfolöld:

Vestri frá Túnsbergi

F:Loki frá Selfossi

M:Viska frá Túnsbergi

Eigandi Bragi Viðar Gunnarsson

Glampi frá Miðfelli 5

F:Lukku-Láki frá Stóra-Vatnsskarði

M:Hrafntinna frá Miðfelli 5

Eigandi: Magnús Gunnlaugsson

Draupnir frá Unnarholtskoti

F: Amper frá Kílhrauni

M:Dögg frá Ásólfstöðum

Eigandi: Kristín Erla Ingimarsdóttir

Merfolöld:

Una frá Hrepphólum

F:Bikar frá Syðri-Reykjum

M:Gyðja frá Hrepphólum

Eigandi: Hulda Hrönn Stefánsdóttir

Hetja frá Haukholtum

F:Krákur frá Blesastöðum

M:Elding frá Haukholtum

Eigandi: Alina Elena Balusanu

Hátíð frá Skollagróf

F: Rammi frá Búlandi

M: Virðing frá Skollagróf

Eigendur: Sigurður H. Jónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson



Áhorfendur kusu svo glæsilegasta folaldið og var það Hetja frá Haukholtum sem vann þann titil. **Jötunvélar** gáfu verðlaun fyrir glæsilegasta folaldið og sjá má Ástbjörtu úr Haukholtum taka við þeim úr hendi Haraldar sölumanns í Jötunvélum. Þökkum við þeim Jötunvélamönnum stuðninginn.

Sjá má fleiri myndir inná heimasíðu Hrunamannahrepps <http://fludir.is/index.php/myndir>



Smárafréttir

NÓVEMBER 2014



Á 59. landsþingi landssambands hestamannafélaga sem haldið var á Selfossi 17-18 október var Smárafélaginn Sigfús Guðmundsson sæmdur Gullmerki LH. Rosemarie Þorleifsdóttir tók við viðurkenningunni úr hendi Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra í fjarveru Sigfúsar. Sigfús hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu hestamanna í áratugi, sat m.a. í stjórn LH sem og stjórn Smára í mörg ár og hefur alla tíð tekið virkan þátt í ötulu starfi félagsins. Innilega til hamingju með þessa frábæru viðurkenningu Sigfús.



WORLD FENGUR FYRIR SKULDLAUSA FÉLAGA

Þeir sem hafa áhuga á því geta sent tölvupóst með nafni, kennitölu og því netfangi sem tengja skal aðgang á smari@smari.is



Póstlisti póstlisti póstlisti ... Endilega skráið ykkur með því að senda póst á smari@smari.is

Einnig ef þið lumið á fréttum eða tilkynningum væri gaman að birta þær á facebook síðu félagsins og heimasíðunni þannig ekki hika við að senda okkur línu á smari@smari.is

Ábendingar um heimasíður félagsmanna eru einnig vel þegnar.



Haustfundur var haldinn í reiðhöllinni 21 október sl. Góðar



umræður voru um starf félagsins á líðandi ári sem og væntingar til komandi vetrar. Meike formaður æskulýðsnefndar kynnti starf nefndarinnar sem hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt og ljóst er að þar verður engin breyting á, frábært æskulýðsstarf er grunnur að góðu félagi. Stefnt er að því að efla námskeiðahald fyrir fullorðna og börn ennfrekar, sýnikennsla og/eða fræðslukvöld eru á stefnuskránni og margt margt fleira. Vetrarmótin verða með óbreyttu sniði, sameiginlegt tölmtót og firmakeppni á sínum stað en uppi voru ýmsar vangaveltur um fyrirkomulag gæðingamóts, hvort halda eigi það með nágrannafélögum eða hreinlega halda opið gæðingamót. Fljótlega verður farið að manna nefndir fyrir veturinn og vonum við að sem flestir félagsmenn sjái sér fært að taka þátt í því frábæra starfi sem unnið hefur verið undanfarin ár. Lengi mátt gott bæta og sjálfboðaliðum er ávallt tekið fagnandi 😊 😊

Fyrir þá sem vilja skipuleggja sig fram í tímann birtum við nú hér þá viðburði sem búið er að dagsetja svo hægt sé að taka dagana frá. Endilega fylgist með heimasíðunni www.smari.is og facebook síðu Smára. Smárafréttir verða svo hér á vísun stað mánaðarlega 😊

NÓV/DES

JANÚAR

14 FEBRÚAR

20 FEBRÚAR

7 MARS

14 MARS

20 MARS

1 APRÍL

11 APRÍL

17 APRÍL

25 APRÍL

1 MAÍ

11 MAÍ

SÝNIKENNSLA

ÆDALFUNDUR

1. VETRARMÓT

UPPSVEITADEILD FJÓRGANGUR

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

2.VETRARMÓT

UPPSVEITDAEILD FIMMGANGUR

SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

UPPSVEITADEILD TÖLT/SKEIÐ

3. VETRARMÓT

FIRMAKEPPNI

UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR





Jólastemming í Sneiðinni

Laugardaginn 13. desember ætlar Björgunarfélagið Eyvindur að vera með jólamarkað og jólatrésölu frá kl 13-16 í húsi félagsins í Sneiðinni á Flúðum.

Þeir sem hafa áhuga á að panta söluborð vinsamlegast hafið samband við Else í síma 690-6024 eða á netfangið else@internet.is borðaleiga kosta 1000 kr.

Þau fyrirtæki sem hafa áhuga á að hafa opið og auglýsa með okkur, vinsamlegast sendið upplýsingar um það til Halldóru á fossari@simnet.is

Ef þú átt dót sem þig langar að gefa á basar þá er það vel þegið.

Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur.

